

Fundargerð 941. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 12. janúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í janúar 2024.

Í ljósi efnahagspróunar telur stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að mikilvægt sé að horft verði til samstillts átaks til að kveða niður verðbólgunu. Komi til þess þá er Sambandið tilbúið til að koma að slíku átaki.

Jón Björn Hákonarson vék af fundi kl. 09:05.

2. Fundargerð 940. fundar - 2301014SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 940 fundar stjórnar sambandsins frá 15. desember 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 92. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 15. desember 2023.

4. Fundir Jónsmessunefndar - 2301035SA

Lagðar fram fundargerðir 30., 31., 32. og 33. samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 14. júní, 9. október, 8. og 22. nóvember 2023.

5. Starfshópur um starfskjör - 2311004SA

Rætt um hugmyndir starfshóps um starfskjör.

6. Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA

Rætt um skipulagsbreytingarnar og undirnefndir stjórnar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að fara yfir fyrirkomulag undirnefnda og koma með tillögu inn á næsta stjórnarfund.

7. Endurmörkun sambandsins - 2401009SA

Samskiptastjóri gerði grein fyrir hugmynd að endurskoðun á heildarútliti Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn felur samskiptastjóra að vinna að endurmörkun í samvinnu við framkvæmdastjóra og koma með tillögur inn á fund stjórnar í febrúar.

8. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2024-2038 - 2401010SA

Lögð fram þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, sem samþykkt var á Alþingi 5. desember 2023.

9. Slit ógjaldfærra opinberra aðila - 2310043SA

Lagt fram minnisblað stjórnsýsluviðs sambandsins, dags. 11. janúar 2024, um drög að frumvarpi til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, ásamt umsögn sambandsins, dags. 21. nóvember 2023.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur fyrirbyggjandi frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila ekki þjóna hagsmunum sveitarfélaga. Frumvarpið mun ekki gagnast sveitarfélögum sem nú þegar hafa úrræði til þess að bregðast við ógjaldfærni B-hluta stofnana sveitarfélaga, auk þess sem frumvarpið er til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á fjárfestingu og lánskjör B-hluta stofnana sveitarfélaga. Stjórn leggur áherslu á horft verði til hagsmuna sveitarfélaga hvað þetta varðar með það að markmiði að stofnanir sveitarfélaga verði ekki að neinu marki undir gildissviði laganna.

10. Matshópur um varúðarsjóð Brúar lífeyrissjóðs - eignir varúðarsjóðs - 2401001SA

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 28. desember 2023, um eignir varúðarsjóðs.

11. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - dómur Héraðsdóms Reykjavíkur - 2401015SA

Lagt fram til kynninar bréf Sigurðar Inga Jóhannessonar, innviðaráðherra, dags. 9. janúar 2024, sem sent var til allra sveitarstjórna um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur.

12. Landsþing 2024 - 2304024SA

Lagt fram til kynningar erindi sem var sent sveitarfélögum þann 10. janúar sl. um boðun XXXIX. landsþings sambandsins sem haldið verður í Silfurbergi í Hörpu 14. mars 2024.

13. Tilnefning í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna 2024-2028 - 2311021SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Gunnar Gíslason, forstöðumaður miðstöðvar skólaþróunar í Háskólanum á Akureyri, og Jónína Rós Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri Norðlingaskóla, eru tilnefnd í úrskurðarnefnd vegna kostnaðar við skólagöngu fósturbarna.

14. **Tilnefning í stjórn miðstöðvar barnamenningar - 2312006SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 15. desember 2023, þar sem Jana Salóme Jósepsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Eypór Stefánsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi, eru tilnefnd í stjórn miðstöðvar barnamenningar.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
15. **Tilnefning í landskjörstjórn - 2310053SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Magnús Karel Hannesson, fv. oddviti, er tilnefndur sem aðalmaður í landskjörstjórn. Einnig lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2024, þar sem Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs sambandsins, er tilnefndur sem varamaður Magnúsar Karels, í landskjörstjórn.
16. **Tilnefning í verkefnisstjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga - 2312040SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, þar sem Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri í Bolungarvík, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur sambandsins, eru tilnefnd í verkefnisstjórn IHS.
17. **Tilnefning í starfshóp um námsgögn - 2312037SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 21. desember 2023, þar sem Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi í Garðabæ, og Valdimar Víðisson, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um námsgögn. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
18. **Tilnefning í stjórn þróunarsjóðs námsgagna - 2312030SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. janúar 2024, þar sem Hjálmar Bogi Hafliðason, sveitarstjórnarfulltrúi í Norðurþingi, og Hela Þórðardóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, eru tilnefnd í stjórn þróunarsjóðs námsgagna. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2312012SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. desember 2023, um tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 535. mál.
20. **Umsögn um drög að reglugerð um merki fasteigna - 2312034SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 19. desember 2023, um drög að reglugerð um merki fasteigna, mál nr. S-258/2023.

21. Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2312013SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 10. janúar 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, mál nr. S-253/2023.

Fundi var slitið kl. 10:10.